

Skipulagsstofnun  
Jón Ágúst Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2023  
UST202304-027/B.S.  
10.05.03

### **Efni: Matsskyldufyrirspurn - Fjarðarheiðargöng. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum breytingar á inntakslóni vatnsveitu á Seyðisfirði og breyting á legu svokallaðar Suðurleiðar á Fljótsdalshéraði skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Suðurleið verður hliðrað lengra til suðurs til að draga úr fyrirsjáanlegu raski á votlendi, birki og plöntum sem eru verndaðar eða eru friðlýstar. Inntakslón vatnsveitu verður færð ofar í Fjarðará til að koma inntaki fjær framkvæmdasvæði við gangamunna og mörkum vatnsverndarsvæða breytt í samræmi við færsluna.

Umhverfisstofnun telur eðlilega varúðarráðstöfun að tryggja öruggt neysluvatn á Seyðisfirði með færslu inntakslóns. Nýtt inntakslón mun verða eins og nú á virkjanasvæði Fjarðarselsvirkjunar og Bjólfsvirkjunar og mun nýtt mannvirki til viðbótar við þau sem fyrir eru ekki breyta miklu varðandi ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að færsla Suðurleiðar sé til vitnis um að mat á umhverfisáhrifum virkar eins og til er ætlast þ.e. upplýsa um umhverfisáhrif og fá fram ábendingar í matsferli um hvað betur megi fara. Þessi vinnubrögð mætti viðhafa mun oftar en slíkar breytingar sem eru tvímælalaust til bóta eiga ekki að hafa í för með sér frekara mat þar sem allar upplýsingar liggja þegar fyrir. Ef jákvæðar breytingar á framkvæmd m.t.t. umhverfisáhrifa verða til að lengja enn langt ferli er hætta á að framkvæmdaaðilar muni hika við að breyta framkvæmd á jákvæðan hátt ef þetta verður raunin.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umræddar breytingar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er ítarleg og vönduð.

Virðingarfyllt

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**

